Sigvaldi Kaldalóns



Sýning í Þjóðarbókhlöðu
opnuð 24. maí 2017

MINNINGARSJÓÐUR
SIGVALDA KALDALÓNS

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Snjáfjallasetur

Fyrstu kynni af tónlist

Foreldrar Sigvalda voru Stefán Egilsson sem var fæddur 1845 á Laugarvatni og Sesselja Sigvaldadóttir sem var fædd 1858 á Hvanneyri. Sesselja var í fyrstu bústýra hjá Stefáni, en þann 20. september 1879 gaf Hallgrímur Sveinsson, síðar biskup, þau saman í hjónaband. Stefán keypti Vaktarabæinn í Grjótaþorpi og þau Sesselja fluttu þangað vorið 1880. Húsið stendur enn við Garðastræti 23. Í þessu húsi fæddist Sigvaldi Stefánsson Kaldalóns þann 13. janúar 1881, fyrsta barn þeirra hjóna. Þau eignuðust tvo drengi næstu tvö árin sem dóu báðir innan árs. Eftir það fæddust þeim synirnir Guðmundur 1885, Snæbjörn 1889 og Eggert 1890.

Í Vaktarabænum komst drengurinn Sigvaldi fyrst í snertingu við tónlist. Móðir hans söng oft dönsk lög og vísur sem hún hafði lært í ljósmóðurnámi í Kaupmannahöfn og lék undir á gítar og faðir hans smíðaði langspil og lærði að leika á það.

Að stúdentsprófi loknu innritaðist Sigvaldi í Læknaskólann í Reykjavík, en samhliða náminu tók hann þátt í sönglífi stúdenta og bæjarbúa.





Stefán og Sesselja með sonum sínum. Yst til vinstri stendur Sigvaldi. Guðmundur situr við borðið og aftar standa Eggert og Snæbjörn. Mynd: Árni Thorsteinsson. Í baksýn: Vaktarabærinn.

Fyrsta læknisembættið

Sigvaldi lagði stund á framhaldsnám í læknisfræði í Kaupmannahöfn í einn vetur. Jafnframt náminu kynnti hann sér eftir föngum danska og erlenda tónlist. Þann 29. september 1909 kom Sigvaldi svo heim útskrifaður læknir og var eiginkona hans með í för, Karen Margrethe Mengel-Thomsen. Þau höfðu verið gefin saman í hjónaband þann 16. september og lagt af stað til Íslands viku síðar. Sigvaldi og Karen Margrethe höfðu kynnst á fæðingardeild Ríkisspítalans í Höfn, þar sem hún vann sem hjúkrunarkona. Sigvaldi hafði ekki að neinni fastri stöðu að hverfa er þau komu til landsins, en fljótlega bauðst honum að taka við læknisembætti á Hólmavík í fjarveru Magnúsar Péturssonar, héraðslæknis, er ætlaði að vera erlendis næsta vetur.


Þau lögðu af stað til Hólmavíkur þann 16. nóvember. Þar eignuðust þau fyrsta barn sitt, Snæbjörn Stefáns, er fæddist þann 21. febrúar 1910. Læknisbústaðurinn var á Kópnesbraut 7, húsi sem byggt var árið 1903 af Guðmundi Scheving Bjarnasyni. Um veturinn 1910 fékk Sigvaldi veitingu fyrir Nauteyrarhéraði og fluttust þau að Ármúla um vorið.

Þú eina hjartans yndið mitt

Sigvaldi Kaldalóns unni mjög konu sinni, Karen Margrethe Mengel-Thomsen. Hún var lærð hjúkrunarkona og var stoð og stytta manns síns í læknisstörfunum. Á Ármúla framkvæmdi Sigvaldi skurðaðgerðir með aðstoð hennar. Hún sá auk þess af myndarskap um stórt heimili og var frumkvöðull í grænmetisrækt við Djúp. Hún var góð móðir barna þeirra og dáði sönglög eiginmanns síns og það var fyrst og fremst henni að þakka að hljóðfærið var ekki selt af heimilinu, jafnvel þó allur kostur væri uppurinn. Sigvaldi vildi heiðra konu sína með því að tileinka henni sönglag. Það varð úr að hann bað Guðmund Geirdal, bróður Höllu á Laugabóli, að yrkja um konu sína:

Þú eina hjartans yndið mitt
í örmum villtra stranda,
þar aðeins bjarta brosið þitt
mig ber til draumalanda.
Í þinni finn ég frjálsri brá
svo fagrar innri kenndir,
er seiða til sín traust og þrá
í trú, sem hærra bendir.

Þetta ljóð og lag er fremst í fyrsta sönglagaheftinu sem Sigurður á Laugabóli gaf út með sönglögum Sigvalda árið 1916.


Þú eina hjartans yndið mitt.
(Guðm. Geirdal).
Allegretto.

Að Ármúla

Þegar Sigvaldi og Karen Margrethe fluttu að Ármúla voru þau með fyrsta barn sitt, Snæbjörn Stefáns, á fyrsta ári. Á Ármúla fæddust þeim Kaldalónshjónum þrjú börn til viðbótar: Hjalti (f. 1913, d. sama ár), Sigvaldi Þórður (f. 1915) og Cecilia María (Selma, tónskáld) (f. 1919). Einnig var hálfbróðir þeirra, Karl Oluf Bang (f. 1906), á heimilinu og þar var jafnframt Stefán Egilsson, faðir Sigvalda sem gerðist bústjóri hjá honum og byggði við læknishúsið auk þess að steypa það upp. Tvíbýli var á Ármúla. Þar var í tíð Sigvalda torfbær með mörgum burstum og kompum sem skírðar voru ýmsum nöfnum. Þar bjuggu lengi Hannes Gíslason og Guðrún Sigurðardóttir, sem keyptu jarðarpart Sigvalda er hann fór frá Ármúla að leita sér lækninga í Danmörku. Í Uppsölum bjó Jón Arason járnsmiður er hafði Vídalínspostillu daglega milli handa. Í annarri kompu, Hosiló bjuggu mæðginin Kristrún Benediktsdóttir og Ingvar Ásgeirsson. Þau voru hagmælt og sótti Sigvaldi mjög til þeirra og lagði til hendingar og kviðlinga. Eggert Stefánsson söngvari, bróðir hans, kom sumrin 1913 og 1916 að Ármúla og fóru þeir bræður oft í heimsókn í Hosiló og skemmtu sér við sögur og kveðskap. Í endurminningum sínum *Lífið og ég* segir Eggert frá því að Sigvaldi hafi haft þarna lítið en gott harmonium frá Mason and Hamlin og spilað á það fyrir gestina. Þarna fæddust fyrstu lög hans.




Börnin á Ármúla. Fremst er Selma (mynd tekin 1925). Aftar: Karl Oluf Bang, Snæbjörn og Þórður (mynd tekin 1921). Í baksýn: torfbærinn á Ármúla. Ljósmynd: Ljósmyndasafnið Ísafirði.

Við Kaldalón

Í Kaldalóni er mikil náttúrufegurð, sléttar graseyrar, þar sem kallað var „tólf karla engi“, þ.e. næg slægja fyrir tólf karla um heyskapartímann. Eini bærinn í Kaldalóni var lengi Lónseyri. Þar var til forna skóglendi er var rifið til eldsneytis. Beggja megin Kaldalóns var meiri skógur eftir því sem utar dró og var þar kallað „í skóginum“. Frá ystu leirum að skriðjökli eru um 4 km. Allmikill jökulgarður nær þvert yfir dalinn, en jökuláin Mórilla hefur grafið farveg í gegnum hann. Þar ofan við eru leirur með takmörkuðum gróðri. Sigvaldi Kaldalóns komst svo að orði að Kaldalóni mætti líkja annað hvort við himnaríki eða helvíti, því þegar veður stendur af jöklinum í stórhríðarbyljum er þar ekki notalegt að vera. Lárus Þórðarson var kennari í Nauteyrarhreppi í tíð Sigvalda og orti kvæði í átta erindum um Kaldalón sem Sigvaldi samdi sönglag við.

Heimildir: *Bókin um Sigvalda Kaldalóns* eftir Gunnar M. Magnúss og *Vestfirðir* eftir Hjálmar R. Bárðarson.



Sigvaldi 1919 með Kaldalón í baksýn. Mynd af Sigvalda: Simson, Ísafirði.


Við sundið

Sigvaldi Kaldalóns leit á náttúruna sem óþrjótandi uppsprettu sem vakti tjáningarþörf hans og sagði hann eitt sinn að tónlistaráhugi sinn hafi kviknað í æsku þegar hann heyrði hljóma í náttúrunni allt í kringum sig. Mörg þekktustu sönglög hans urðu til á læknisferðum hans um Djúpið. „Við sundið“ við ljóð eftir Sigurð Sigurðarson mun hafa orðið þannig til að hann kemur um hásumar sjóleiðis heim úr læknisferð. Báturinn vaggast léttilega í hægri undiröldu við geisla rísandi sólar og háttbundin hreyfing hans rennur saman við vélarhljóðið. Á báðar hendur gnæfa fjöllin og speglast í haffletinum. Allt um kring ríkir þögnin. Á slíkum augnablikum birtist dýrð og fegurð heimsins í hvað mestri fullkomnun. „Við sundið“ mun vera fyrsta lagið sem Kaldalóns fullsamdi.

Ég sit í kvöld og sat í gær
við sundið fram á nætur.
Ég hlýði er bylgjan blá og tær
að bökkum fallast lætur.

En ferðir læknisins voru ekki allar svo ljúfar. Eitt sinn var hann sóttur á bát í Mjóafjörð og var á heimleið á móts við Skálavík þegar bátur kemur frá Snæfjallaströnd og biðja bátsverjar lækninn að koma tafarlaust til sjúklings þar. Maður hafði verið sendur frá Gullhúsám að Mýri til að fá bátsflutning þaðan. Fór Sigvaldi um borð í bát þeirra, en þá skipuðust veður í lofti og urðu þeir sjóblautir að leita vars í Borgarey. Þar voru sauðahús opin og urðu þeir að hafast þar við matarlausir í tvo sólarhringa í ofsaveðri. Tókst þeim að ylja sér með því að kveikja í moði og sprekum með eldspýtum úr fórum læknisins, sem þó voru blautar eftir volkið. Þeir fóru að Ármúla á þriðja degi og þaðan beint út á Strönd með lyf sem læknisfrúin hafði útbúið að tilvísan Sigvalda. Höfð var viðkoma á Mýri, Sandeyri og Gullhúsá og að lokum í Æðey. Þetta mun hafa verið einhver erfiðasta læknisferð Sigvalda, en þó voru þær margar erfiðar og jafnvel hættulegar og reyndu á starfsþrek hans.

Heimildir: *Íslands lag: þættir sex tónmenntafrömuða* eftir Hallgrím Helgason, tónskáld og frásögn Snæbjarnar Kaldalóns í *Bókinni um Sigvalda Kaldalóns* eftir Gunnar M. Magnúss.



Við sundið.
(Sigurður Sigurðsson).
Allegretto moderato.
1. Ég sit í kvöld og sat í gær við sund - ið fram á næt - ur. Ég hlýði er bylgj - an blá og tær að bökk - um fall - ast læt - ur. 2. Og
cresc.

Sigvaldi um 1916 með Snæfjallaströnd í baksýn.

Ég lít í anda liðna tíð

Sigurður Þórðarson á Laugabóli segir svo frá að Sigvaldi hafi eitt sinn komið með lag til móður sinnar, Höllu, skáldkonu, og sagt: „Mig vantar ljóð við þetta lag, Halla mín.“ Þá á hún að hafa sagt: „Hvernig á ég að fara að því, um hvað á það að vera?“ Þá sagði Kaldalóns: „Það gef ég ekki upp að öðru leyti en því, að þetta eru gamlar minningar, – ljúfar minningar eða öllu heldur ljúfsárar minningar...“ Hann settist svo við orgelið á Laugabóli og lék lagið hvað eftir annað. Halla hlustaði og skrifaði vísu á blað, rétti honum og sagði: „Geturðu notað þetta?“ Lagið tileinkar Sigvaldi Ragnhildi Jakobsdóttur frá Ögri.

Ég lít í anda liðna tíð,
er leynt í hjarta geymi.
Sú ljúfa minning – létt og hljótt
hún læðist til mín dag og nótt,
svo aldrei, aldrei gleymi.



Mynd af Höllu Eyjólfsdóttur: Björn Pálsson, Ísafirði.

Sigvaldi situr og aftan við hann er Sigurður Þórðarson. Laugaból í baksýn.

Halla á Laugabóli

Halla skáldkona á Laugabóli hét fullu nafni Hallfríður Guðrún Eyjólfsdóttir og var fædd 10. ágúst 1866 í Gilsfjarðarmúla, Geiradalshreppi. Foreldrar hennar voru Eyjólfur bóndi Bjarnason og Jóhanna Halldórsdóttir prests í Tröllatungu Jónssonar. Bræður hennar voru líka skáldmæltir og tóku sér ættarnafnið Geirdal, en Guðmundur Geirdal var hálfbróðir hennar. Halla giftist árið 1890 Þórði Jónssyni bónda á Laugabóli. Þau eignuðust mörg börn, þ.á.m. Sigurð, sem varð fyrstur til að gefa út sönglög Sigvalda. *Ljóðmæli* Höllu komu fyrst út árið 1919, kostuð af Sigurði, syni hennar. Þau hefjast á kvæðinu „Inngangi“, tileinkað Sigvalda Kaldalóns: „Á Kaldalóns-tónum sér lyfta mín ljóð – hans logandi gullvængjasmíði.“



Mynd af Höllu Eyjólfsdóttur: Ljósmyndasafnið Ísafirði.

Fyrsta kvæði bókarinnar er „Svanurinn minn syngur“, þekkt við lag Kaldalóns:

Svanurinn minn syngur.
Sólu ofar hljóma
ljóðin hans og heilla
helgar englasveitir.
Blómin löngu liðin
líf sitt aftur kalla.
Fram úr freðnum gljúfrum
fossar braut sér ryðja.

Tilefni kvæðisins segir Sigurður Þórðarson hafa verið að hann var að skjóta fugla. Þá á Halla, móðir hans, að hafa sagt: „Ef þið drepið svan, þá eruð þið morðingjar.“

Fyrstu tónleikarnir

Í ársbyrjun 1916 hélt Sigvaldi Stefánsson samsöng á Ísafirði. Samsöngurinn var haldinn í Góðtemplarahúsinu sunnudaginn 23. janúar kl. 16:30. Gefin var út dagskrá í stóru broti, prentuð í prentsmiðju M. Ólafssonar á Ísafirði. Þar kemur fram að Sigvaldi naut á tónleikunum aðstoðar prófastsdótturinnar Kristínar Þorvaldsdóttur sem lék á píanó og kaupmannsdótturinnar Guðrúnar Skúladóttur sem söng auk þess sem lyfsalinn Gustav Rasmussen lék á fiðlu. Á myndinni má sjá Rasmussen og fjölskyldu með Kaldalóns-hjónunum, í baksýn er Góðtemplarahúsið. Á dagskránni voru sönglög Sigvalda; „Ljúflingurinn litli“, ljóð Arnrúnar frá Felli; „Ég lít í anda liðna tíð“, ljóð Höllu Eyjólfsdóttur og „Þótt þú langförull legðir“, ljóð Stephans G. Stephanssonar. Auk þess voru leikin verk eftir Mozart, Perolese og Schubert. Þetta voru fyrstu tónleikar Sigvalda Kaldalóns ef undan er skilin söngskemmtun á Ísafirði sumarið 1913 þegar hann lék undir hjá Eggerti bróður sínum. Þeir bræður héldu svo aðra söngskemmtun sumarið 1916 á Arngerðareyri og þusti þar að fólk úr nálægum sveitum og var talið að um 300 manns hafi verið viðstaddir.

Mynd af Karen Margrethe og Sigvalda tekin 1919 af Simson á Ísafirði. Lengst til hægri er Eggert Stefánsson. Til vinstri má sjá Rasmussen og fjölskyldu. Í baksýn er Góðtemplarahúsið.

Eggert Stefánsson söng alls níu lög bróður síns inn á hljómplötur árið 1920 að beiðni His Masters Voice. Fyrir valinu urðu fyrstu lög Sigvalda, öll samin á Ármúla og eflaust mörg flutt á fyrrnefndum tónleikum. Lögin voru „Svanurinn minn syngur“, „Þú eina hjartans yndið mitt“, „Alfaðir ræður“, „Ásareiðin“, „Sofðu, sofðu góði“, „Þótt þú langförll legðir“, „Brúnaljós þín blíðu“, „Í birkilaut“ og hið alþekkta „Á Sprengisandi“ við ljóð Gríms Thomsen.

Hver á sér fegra föðurland en ég

Sigurður á Laugabóli og aðrir sveitungar voru boðnir og búnir að styðja við tónlistarsköpun læknisins. Sigvaldi hafði samið öll sín lög á Mason & Hamlin harmonium, en sveitungarnir ákváðu að gefa honum flygil. Efnt var til samskota og voru kaupin fjármögnuð af Magnúsi Kristjánssyni í Múla, Jóni H. Fjalldal á Melgraseyri, Halldóru og Ragnhildi Jakobsdætrum í Ögri og Æðeyjarsystkinum, Ásgeiri, Halldóri og Sigríði Guðmundarbörnum.

Þegar flygillinn kom veturinn 1919 reyndist hann of stór til að komast inn í húsið. Sigvaldi var ekki heima og hafði verið ákveðið að láta þessa gjöf koma honum að óvörum. Stefán, faðir Sigvalda, rauf gat á vegginn og breikkaði glugga til að koma honum inn. Þegar Sigvaldi kom var honum afhentur flygillinn við hátíðlega athöfn og að sögn Sigurðar mun Sigvaldi hafa klökknað og sagt: „Það má segja um ykkur að litlu verður Vöggur feginn, þegar þið heiðrið mig fyrir svo fátæklega lagasmíð.“ Sigvaldi Kaldalóns tileinkaði Djúpmönnum lag sitt við ljóð Guðmundar Guðmundssonar sem hefst á þessum línum: „Hver á sér fegra föðurland en ég, er fastar tengir hjörtun ræktarböndum.“



Fjórir ættliðir: Fremst: Börnin Þórður, Aðalsteinn og Selma. Miðröð: Stefán, Sesselja og Karen Margrethe. Aftasta röð: Karl Oluf Bang, Sigvaldi, Snæbjörn Stefánsson og Snæbjörn Kaldalóns. Í baksýn: Ármúli um 1920. Þjóðminjasafn Íslands.

Þótt þú langförull legðir

Sigvaldi hafði mikil samskipti við Æðeyjarheimilið og tengdist fólkinu þar vinaböndum. Árið 1919 var Guðrún Jónsdóttir í Æðey mjög veik og var Sigvaldi þá hjá henni í Æðey í þrjár vikur og tilkynnti í héraðinu að hann sæti í Æðey. Í þakklætisskyni gáfu börn Guðrúnar honum silfurbúinn og útskorinn göngustaf eftir Guðmund frá Mosdal sem varðveittur er í Minjasafni Reykjavíkur. Sigvaldi Kaldalóns tileinkaði Guðrúnu Jónsdóttur í Æðey lag við „Vorvísur“ eftir Höllu á Laugabóli. Þegar Sigvaldi var að semja lag við ljóð Stephans G. Stephanssonar „Þótt þú langförull legðir“ var staddur hjá honum á Ármúla ungur maður frá Æðey, Ásgeir Guðmundsson. Ásgeir hefur sagt svo frá að Sigvaldi hafi komið upp þegar hann var að hátta, verið með blað í hendi og sagt: „Það er að brjótast í mér lag, komdu niður og syngdu það með mér.“ Ásgeir fór niður og Sigvaldi fór að spila og lék lagið margsinnis. Ásgeir söng með þar til hann kunni lagið og sungu þeir báðir fullum hálsi lengi nætur: „Það er óskaland íslenzkt, sem að yfir þú býr“.


Frá vinstri: Sigvaldi Kaldalóns, Guðrún Jónsdóttir og Ásgeir Guðmundsson.
Í baksýn: Höfnin í Æðey um 1920.

Útgáfa sönglaga Kaldalóns

Sigurður Þórðarson á Laugabóli var náinn vinur Sigvalda Kaldalóns. Sigvaldi hafði reynt að fá sönglög sín gefin út eftir að hann kom að Ármúla, en enginn hafði sýnt því áhuga að gefa út sönglög eftir óþekkt tónskáld. Sigurður, sem þá var kaupfélagsstjóri á Arngerðareyri, ákvað þá að kosta útgáfu sönglaganna og komu þau út í þremur heftum á árunum 1916-1918. Sigvaldi tók upp eftirnafnið Kaldalóns árið 1916 og í árslok kom út fyrsta heftið með sönglögum hans undir nafninu Kaldalóns. Í þessu fyrsta hefti voru sjö sönglög, í því næsta þrjú og loks tíu. Síðasta heftið prýddi káputeikning eftir Ríkarð Jónsson. Það kom á daginn að útgáfan stóð undir sér og Ísafoldarprentsmiðja, sem áður hafði hafnað sönglögunum útgáfu, vildi nú fá útgáfurétt að öllu sem frá Kaldalóns kæmi.

Ísland ögrum skorið

Sigvaldi tók við embætti héraðslæknis í Flatey árið 1926. Hann hafði með sér til Flateyjar bæði flygil og orgel er var komið fyrir í þröngri læknisstofunni. Sigvaldi samdi um 60-70 lög þau þrjú ár sem hann var í Flatey. Árið 1926 var mikið um dýrðir í eynni því haldið var upp á 200 ára fæðingarafmæli Eggerts Ólafssonar. Var Sigvaldi beðinn að semja lag við ljóð Sveins Gunnlaugssonar, „Minni Eggerts Ólafssonar“. Sveinn þessi var áberandi í félagslífinu í Flatey og Sigríður Benediktsdóttir, kona hans, var kirkjuorganisti og hélt lengi uppi sönglífi í eynni. Sigvaldi samdi jafnframt lag við ljóð Eggerts Ólafssonar, „Ísland ögrum skorið“, og var það sungið í fyrsta sinn við kirkjuathöfn í Flatey 27. janúar 1927, þar sem séra Sigurður Einarsson, eldheitur sósíalisti, flutti magnaða predikun gegn heimsvaldastefnunni áður en lag Sigvalda var frumflutt. Sigvaldi náði aldrei fullri heilsu eftir að hann kom af heilsuhælinu í Danmörku. Flatey var erfitt hérað og hann var orðinn þreyttur á erfiðum ferðalögum og óskaði eftir læknishéraði í nágrenni Reykjavíkur. Vorið 1929 losnaði Keflavíkurhérað.


Ísland ögrum skorið.
(Eggert Ólafsson).
Sigv. S. Kaldalóns.
Andante.
Ís - land ögr - um skor - ið ég vil nefn - a þig, sem
hvílst um bor - ið og blessað hef - ir mig fyr - ir skikk - un skap -
ef poco più mosso
rit. fine
Andante
ar. Veit - u blessa, blessa - i þig bless - að nafn - ið hans. Ís - land
ef poco più mosso.
rit. fine
mosso.
ögr - um skor - ið, ég vil nefn - a þig, sem, ó, hvílst um bor - ið og bless - að
dolce
poco rit.
hef - ir mig, sem á hvílst um bor - ið og bless - að hef - ir mig.
dolce
poco rit.


Sigvaldi um 1930. Flatey í baksýn.

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn

Það stóð styrr um Kaldalóns þegar hann fluttist á Suðurnes – til Grindavíkur. Jónas frá Hriflu, sem þá var ráðherra, veitti honum héraðslæknisembættið en læknafélagið var ekki sátt – hafði tilnefnt annan. Það var meira að segja samþykkt á fundi í Keflavík að hýsa Kaldalóns ekki þar, en Einar G. Einarsson gekk þá á fund ráðherra og tók að sér að hýsa Sigvalda og fjölskyldu hjá sér í Garðhúsum í Grindavík og byggja læknisbústað þar innan árs. Jónas frá Hriflu breytti þá tilskipuninni á þann veg að héraðslæknirinn skyldi hafa aðsetur í Grindavík en ekki Keflavík. Og von bráðar hafði tónskáldið unnið hug og hjörtu Suðurnesjamanna með hetjusöngnum við ljóð Ólínu Andrésdóttur:

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn,
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Í Grindavík komu margir andans menn að heimsækja tónskáldið, m.a. skáldið Steinn Steinarr, sem varð heimilismaður hjá þeim hjónum um tíma, en hann hafði ungur verið fluttur hreppaflutningum ásamt foreldrum sínum og systkinum úr Nauteyrarhreppi meðan Kaldalóns var þar læknir. Sumarið 1945 fékk Sigvaldi heilablæðingu og náði aldrei fullri heilsu eftir það. Fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur þar sem hann lést 28. júlí 1946.


Suðurnesjamenn
(Úr þulu eftir Ólínu Andrésdóttur)

Vikivaki

Í meðallagi hratt. Sigvaldi S. Kaldalóns

1. Sannd er hverr-i þjóð að eig-a sæ-grýpt ey-ra.
2. Ung-ir hugð þeim fólm sinn von ler-leg og bí.

Ekk-i var að spaug-a með þá Út-nes-ja-menn.
Kunn-u þeir að beit-a hann-a brögð-um sín-um þá.

Á myndinni er Sigvaldi um 1940 með Grindavík í baksýn.

Kaldalónskvöld

Sigvaldi varð að yfirgefa Ármúla vegna heilsubrests 1921. Hann dvaldi sér til heilsubótar í Danmörku í eitt ár og bjó fjölskyldan eftir heimkomuna í fjögur ár í Reykjavík. Eggert Stefánsson bróðir Sigvalda bjó þá á Ítalíu, en kom í heimsókn til bróður síns um áramótin 1924-5 og 1925-6. Þeir efndu til svokallaðra Kaldalónskvölda í Fríkirkjunni og Nýja bíói. Vegna misskilnings í prentsmiðju voru prentaðir alltof margir miðar fyrir tónleikana í Fríkirkjunni. Margir komust ekki inn og stóðu fyrir utan. Eggert vildi ekki láta fólkið fara heim án þess að hafa notið tónleika. Hann sagði við Karl Oluf Bang sem var dyravörður og hafði lokað: „Nei, nei – Opnaðu aftur – við sprengjum húsið!“ Söngurinn fékk að óma út um opnar dyrnar. Þó slæmt umtal væri vegna fyrstu tónleikanna var fullt hús hjá þeim bræðrum tíu sinnum. Mikill gestagangur var á heimilinu á Nýlendugötu 15 A á meðan Eggert var þar, og komu oft þangað m.a. Jóhannes Kjarval, Ragnar Ásgeirsson og Halldór Laxness.



Eggert Stefánsson um 1920. Til hægri Sigvaldi Kaldalóns um 1925. Í baksýn: Fríkirkjan. Ljósmyndasafn Reykjavíkur / Magnús Ólafsson.